



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

21. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn þriðjudaginn 4. nóvember kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu. Hér var gengið til dagskrár.

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda.

Yfirmaður eignasjóðs gerði grein fyrir stöðu verkefna sem í gangi eru. Framkvæmdir við ráðhús eru á lokametrunum og nánast allt tilbúið á efri hæðinni enda hefur starfsemi ráðhússins þegar flutt í húsnæðið. Framkvæmdir á neðri hæð eru enn í gangi en lýkur væntanlega innan skamms. Lóðaframkvæmdir við nýja leikskóladeild eru að fara í gang og samsetning leiktækja er framundan. Framkvæmdum er svo til lokið við frístund og félagsmiðstöð. Hljóðvistarsérfræðingur mun mæla og gera tillögur um úrbætur á þessum stöðum og í leikskóla á morgun. Húsnæði Héraðsskjalasafns er tilbúið og verður flutt inn á allra næstu dögum, opnun er ráðgerð 1. desember. Húsnæði fyrir lyfsölu er í vinnslu og lokafrágangur framundan. Innréttingar eru væntanlegar á vegum leigutaka á næstu vikum. Húsnæði fyrir heilsugæslu hefur verið afhent leigutaka og formleg opnun verður á morgun. Vinna við lokafrágang í Svínárnesi er í gangi og síðustu áföllurnar verða settar upp fljótlega. Skálinn hefur verið tekinn í notkun. Einnig rætt um erindi sem barst frá foreldri varðandi fataklefa yngstu barnanna sem verður skoðað nánar.

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda.

Veitustjóri gerði grein fyrir stöðu verkefna. Endurnýjun á kaldvatnsstofni í lóðjúlóð er á lokametrunum en lokafrágangur bíður næsta sumars. Malbikun á Garðastíg og endurbætur á Ljónastíg er lokið. Framundan eru átta heimtaugatengingar bæði í þéttbýlinu á Flúðum og í sumarhúsahverfum.

3. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Gjaldskrá Hitaveitu Flúða lögð fram.

Samþykkt að vísa gjaldskránni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

4. Gjaldskrá Hrunaljóss.

Gjaldskrá Hrunaljóss lögð fram.

Samþykkt að vísa gjaldskránni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KA", "Cub", "DAS", "JR", "Bor", and "EES".

5. Gjaldskrá fráveitu.

Gjaldskrá fráveitu lögð fram.

Samþykkt að vísa gjaldskránni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

6. Gjaldskrá vatnsveitu.

Gjaldskrá vatnsveitu lögð fram.

Samþykkt að vísa gjaldskránni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

7. Drög að fjárhagsáætlun veitna vegna ársins 2026; rekstur og fjárfesting.

Hitaveita Flúða, Hrunaljós, fráveitan, vatnsveitan.

Drög að fjárhagsáætlun vegna veitna kynnt og rædd.

Lagt fram til kynningar.

8. Drög að fjárhagsáætlun vegna framkvæmda og viðhalds Hrunamannahrepps árið 2026.

Drög að fjárhagsáætlun vegna veitna kynnt og rædd.

Lagt fram til kynningar.

9. Erindi frá Fjarskiptastofu v. gjaldskrár Hrunaljóss.

Í erindinu er óskað skýringa á verðskrá Hrunaljóss.

Veitustjóra og sveitarstjóra falið að svara erindinu.

10. Starfsmannamál.

Veitustjóri kynnti að nýr starfsmaður veitna, Hákon Árnason, hefði tekið til starfa í vikunni en einnig hefur Kristján Þórðarson hafið störf hjá veitum og áhaldahúsi.

11. Verkfundargerðir

a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 8. október 2025

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:47

Bjarni Vignisdóttir
Þor Eiríkur Sigurðsson


Gunnar Le. Gæla

KOLBRINN HARRAÐSSÓSTIR

Dati Geir Samuelsson

Alfll. Hafsteinn
Samuel G. Samuelsson